

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir  
Dags. 13. október 2017  
Mnr. 2017090091



ÍSAFJARÐARBÆR

## Hugmyndir að umsóknum um styrk til framkvæmdasjós ferðamannastaða

Haustið 2015 var haldinn fundur með ferðapjónum og þeim sem komu að ferðapjónustu og voru lögð til eftirfarandi verkefni:

1. Laga það sem fyrir er áður en byggt eitthvað nýtt
2. Vegurinn að Skarfaskeri, þó hann sé stuttur þarf samt að viðhalda honum
3. Tenging við Drangajökul. Spurning um bryggjuna á Bæjum. Samgöngustofa vill losna við hana
4. Stígurinn upp í Naustahvilft og planið þétt setið
5. Fuglaskoðunarslóði í Önundarfirði. Skilti, lítil hús og slíkt (spurning með húsið hjá BS tours)
6. Spurning um fuglaskoðunarslóða í botni Skutulsfjarðar
7. Upplýsingar um bæinn þegar maður kemur inn, mögulega í samstarfi við Vegagerðina
8. Göngustígar í Tungudal
9. Skrúður (er í vinnslu, en þarf að fylgja eftir, bráðabirgðaklósett þangað til)
10. Póstleiðin frá Grunnavík að Bæjum
11. Gönguleiðin úr Unaðsdal að Leiru
12. Gestastofa að Núpi
13. Svalvogavegur, skilti og slíkt
14. Víkingasvæðið, Neðstikaupstaður og annað í byggð
15. Sjóbaðsaðstaða á Flateyri
16. Skúrin að Holti og bryggjan
17. Hönnun og skipulag
18. Botn Álftafjarðar, hjóla- og gönguleið
19. Óshlíð, hjólaleið

Árið 2015 sótti Ísafjarðarbær um styrk til uppbyggingar Naustahvilftar (4. liður), en fékk ekki styrk.

Árið 2016 sótti Ísafjarðarbær um tvo styrki:

- a) Naustahvilft (4. liður) og fékk styrk til uppbyggingar göngustíga og upplýsingaskilta að fjárhæð kr. 4.344.000,-. Breyta þurfti aðalskipulagi vegna verkefnisins og gera deiliskipulaga, vinnsla er í gangi við hönnun stígsins.
- b) Lagfæring á göngustíg við Buná í Tungudal (1. liður), fékk styrk að fjárhæð kr. 858.000,-. Unnið hefur verið í verkefninu á árinu.

Önnur verkefni sem eru í vinnslu hjá Ísafjarðarbæ eða hafa verið í vinnslu frá haustfundinum eru:

- a) Hannað hefur verið svæði við Grænagarðsbryggju með upplýsingaskiltum fyrir fólk sem er á leið í bæinn (7. liður).
- b) Í sumar hefur verið unnið að gerð göngustíga í Tungudal (8. liður) og tengingu göngustíga víðar.
- c) Tillögur að því að hafist verði handa við heildarskipulagningu skíðasvæðis í Tungudal og Seljalandsdal.

Önnur verkefni annarra aðila sem vitað er um á svæðinu:

- a) Fossavatnsgangan, merking göngu-, hjóla- og skíðaleiðar og uppsetning upplýsingaskilta á Ísafirði. Verkefnið fékk kr. 7.000.000,- í styrk árið 2016 (tengist 8., 18. og 19. lið).
- b) Hjólreiðabraut í Hnífunum að Dagverðardal, einstaklingsframkvæmd (tengist 18. og 19. lið).
- c) Fuglaskoðunarslóðir í Öundurafirði (5. liður)

Ýmsar af fram komnum tillögum snerta framkvæmdir á einkalandi og hefur Ísafjarðarbær ekki leitað eftir samstarfi við slík verkefni, m.a. er varða fuglaskoðanir.

Þau verkefni sem undirrituð leggur til að farið verði í eru eftirfarandi:

**1) Heildarskipulagning á Tungudal, Seljalandsdal og Hnífum (Botnsheiði, Breiðadalsheiði, Engidalur, Dagverðardalur og Eyrarfjall)**

Hönnunarverkefni sem snýr að heildarskipulagningu á svæðinu sem allhiða útivistarsvæði, sem innihéldi skíða-, göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir og myndi tengja saman byggð, skóga og hálendi. Einnig væri gert ráð fyrir útsýnisstöðum og þjónustuhúsum. Um væri að ræða nýjan áfangastað sem væri aðdráttarafl allan ársins hring fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Enn fremur væri um að ræða verkefni sem væri ætlað til verndunar náttúru. Nú þegar er fjallahjólreiða fólk, göngufólk og hlaupafólk farið að fara um svæðið og er enginn stígur sem það fylgir. Heildarskipulagning og uppbygging í samræmi við hana myndi beina fólki ákveðnar leiðir sem myndi þá vernda náttúruna ágangi.

Litið yrði til snjóflóðahættu á skíðasvæðum, svæði væru merkt og öryggisleiðbeiningar til staðar.

Ísafjarðarbær er útivistarbær og tengist verkefnið heildrænni stefnu bæjarins og skipulagningu þess svæðis sem helst er ætlað útivistarfólki.

**2) Þjónustuhús á Skrúði**

Bygging þjónustuhúss við Skrúð þar sem mikill skortur er á innviðum. Í þjónustuhúsi væru salerni og aðstaða fyrir starfsmenn og verkfæri svæðisins. Um er að ræða náttúruleg menningarverðmæti sem ber að varðveita. Getur gert staðinn að enn ákjósanlegri áfangastað.

**3) Víkingasvæðið á Þingeyri**

Svæðið þarfnast viðhalds, en um er að ræða vinsælan áfangastað í útjaðri Þingeyrar.

Áfangastaðurinn vísar til menningar og sögu Þingeyrar og hlutverki Þingeyrar á árum áður. Með uppbyggingu og viðhaldi verður staðurinn meiri segull á ferðamenn.

4) **Upplýsingastaður á Grænagarðsbryggju,**

Tilgangurinn með upplýsingastaðnum væri að taka vel á móti fólki sem kæmi inn í bæinn, þetta væri nýr áfangastaður, útsýni yfir Pollinn og bryggjan, sem er söguleg fyrir Ísafjarðarbæ væri í hávegum höfð. Þar væru upplýsingar um áfangastaði á svæðinu, sem yrði til þess að gestir myndu dreifast innan svæðisins. Jafnframt væru upplýsingar um hvernig bæri að haga sér á svæðinu, bæði m.t.t. þess að vernda náttúru og auka öryggi ferðamanna